



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 125/892*  
*komudagur 6. 3. 2000*

Sjávarútvegsnefnd Alþingis,  
Björn Þorvaldsson, nefndarritari,  
Alþingi,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. mars 2000.

Efni: Umsögn Landssambands útgerðarmanna kvótalítilla skipa (LÚKS) á þingsályktunartillögu og lagafrumvörpum.

Undirritaður, f.h. LÚKS, þakkar sjávarútvegsnefnd fyrir tækifæri til að koma á framfæri skoðunum og athugasemdum við framangreinda tillögu og frumvörp.

Kallað var til almenns fundar hjá LÚKS, þar sem m.a. ofangreint var kynnt. Vegna ófærðar voru aðilar frá Vestmannaeyjum, Vestfjörðum og af austurlandi í símasambandi við fundinn. Að málum komu rétt rúmlega 30 útgerðarmenn og er skemmt frá því að segja að skoðun þeirra á frumvörpunum og þingsályktunartillögunni voru samhljóða.

Undirrituðum var falið að koma skoðunum þessum á framfæri við sjávarútvegsnefnd Alþingis.

I. 172. mál:

Tillaga til þingsályktunar um afnotarétt nytjastofna á Íslandsmiðum.

LÚKS telur ekkert í sjálfu sér á móti því að gera þá könnun, sem nefnd er í þingsályktunartillögunni, þó því aðeins ef þingmenn telja rétt að verja tíma sínum eða annarra, auk fjármuna í fásinnu.

Fundarmenn nefndu eitt orð um það sem liggur að baki tillögunni "BULL". Ef landsmenn hver um sig eiga að fá einhver kg. af hverri tegund nytjastofna til þess síðan að selja sjómönnum, er viðbúið að upp komi einhverskonar sjóðir, eða stofnanir

á vegum verðbréfafyrirtækja eða ságreifa, er kaupa til sín þessi réttindi og selja þau síðan sjómönnum í þeim eina tilgangi að græða á því. Þetta hlýtur að leiða til hásléttu á aflaheimildum og þess að framboð verði ekki í samræmi við þarfir fiskiskipaflotans. Þetta leiðir jafnframt til þess að veiðar á stöðum þar sem þorskur er að jafnaði smærri en annarsstaðar leggjast af. Þar er fyrst og fremst átt við vestfirði og norðurland (a.m.k. vestanvert). Margt fleira kom fram sem fundið var þingsályktunartillögunni til foráttu, en framangreint er látið nægja, nema tilefni gefist síðar til annars.

## II. 230. mál

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðar umfram aflamark).

LÚKS er einhuga um að mæla með því að þetta frumvarp nái fram að ganga. Auk þess sem getur í greinargerð nefndu menn að þessar tegundatilfærslur hafa haft í för með sér óeðlilegt leiguverð á aflaheimildum. Ufsi og steinbítur eru t.d. á háu verði í dag af stórum hluta vegna þess að menn leigja heimildirnar til þess eins að breyta ufsanum og steinbítunum í t.d. karfa eða grálúðu. Með tegundatilfærslunum geta menn síðan sagt að það veiðist allar aflaheimildir, sem er alls ekki rétt frekar en verið hefur. Þorskur, karfi og grálúða hafa lengst af verið þær einu tegundir sem veiðast að fullu. Nú er með þessum arfa vitlausu tegundabreytingum unnt að veiða miklu meira af tveimur síðast nefndu tegundunum en Hafrannsókanrstofnun telur ráðlegt að heimila. Vestfirðingar sem voru í sambandi sögðu steinbítisverðið komið upp úr öllu valdi vegna tegundatilfærslna og er það enn einn vandinn sem útgerð strandveiðiskipa þar á við að búa. Einn fundarmanna sagði reyndar: “Smábátarnir (skeljarnar) eru þeir einu sem vestfirskir þingmenn líta á byggðinni til bjargar. Þessar “fjalir” hafa ekkert að gera út á ballarhaf, svo sem dæmin sanna.” Lagafrumvarp skv. þingskj. 275, þ.e. 229 mál 125. löggjafabings, er að mati LÚKS nuðsynlegt að nái fram að ganga.

## II. 230. mál

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (frystiskip)

LÚKS er á einu máli um að þetta frumvarp þarf að ná fram að ganga. Ef einhver minnsti vilji er til þess að fiskvinnsla í landi hverfi ekki öll út á sjó og ef þingmenn hafa nokkurn vilja til þess að landsbyggðin leggist ekki af og ef vilji þingmanna stendur ekki til þess að láta gott heita og flytja til Kanarí, er að mati LÚKS brýnt að frumvarp þetta verði samþykkt.


III. 249. mál

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða  
(framsal veiðiheimilda)

LÚKS er á einu máli að þetta frumvarp sé það versta sem hægt er að gera strandveiðiflotanum, landsbyggðinni og þveröfugt við allt það sem undanfarið hefur komið fram um nauðsyn þess að liðka fyrir framsali veiðiheimilda með því að rífa niður allar girðingar er hindra framsalið. Í þessu frumvarpi er verið að leggja til að engin nýliðun skuli eiga sér stað í útgerð. Í frumvarpinu er verið að leggja til að sægreifarnir sitji að fiskinum í sjónum öllum, en ekki bara að mestu leyti, eins og nú er. Þetta frumvarp eru félagsmenn LÚKS sammála um að verði náðarhögg útgerða nær alls strandveiðiflotans. “Það verður fylgst með því hvaða umfjöllun þessi della fær á þingi” sagði einn fundarmanna og fékk góðan hljómgrunn.

Framangeint er samantekt þess er fram kom á fundi LÚKS laugardaginn 25. febrúar s.l.

Virðingarfyllst,



Hilmar Baldursson hdl.